

Dags. 27.3.2014

Skipulags- og umhverfisnefnd - 27.03.2014

53. fundur.

27. mars 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Kárhóll í Reykjadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi
2. Litlulaugaskóli og Gerði í Reykjadal. Skilgreining á lóðarmörkum.
3. Umhverfi Goðafoss. Tillaga að deiliskipulagi.
4. Breyting á legu Sprengisandslínu og Sprengisandsleiðar. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.
5. Flúðasel í Fnjóskadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.
6. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.
7. Lindahlíð. Umsókn um stofnun lóðar.
8. Hvammavegur (853). Umsókn um framkvæmdaleyfi.

1. Kárhóll í Reykjadal. Breytinga á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. S20140202

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 14. febrúar 2014 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observatory þar sem óskað er eftir því að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir staðsetningu rannsóknarstöðvar á jörðinni Kárhóli.

Jafnframt er óskað eftir leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar til Teikn á lofti ehf kt. 691206-4400 til að vinna deiliskipulag af jörðinni, fyrir hönd Aurora Observatory, vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Aurora Observatory ráðgerir að starfrækja alþjóðlega rannsóknarstöð á jörðinni með áherslu á rannsóknir Norðurljósa og efra andrúmslofts. Jafnframt verði starfrækt gestastofa fyrri ferðamenn til kynningar og upplýsingar um eðli Norðurljósa.

Fyrirhuguð bygging verði á allt að þremur hæðum og felld inní landið ofan og norðan núverandi mannvirkja á jörðinni. Gert er ráð fyrir að stærð byggingar geti verið allt að 700 m².

Erindinu var frestað á síðasta fundi þar sem ekki lá fyrir staðfesting á umboði umsækjanda frá Aurora Observatory. Hún barst síðar í bréfi dags. 25. febrúar 2014 undirritað af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreint verði nýtt þjónustusvæði í landi Kárhóls og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð vega aðalskipulagsbreytingarinnar. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að Teikn á lofti ehf verði heimilað að vinna deiliskipulag af væntanlegri rannsóknarstöð og aðstöðu henni tengdri á kostnað Aurora Observatory eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

2. Litlulaugaskóli í Reykjadal og Gerði. Skilgreining á lóðarmörkum. S20140301

Erindi dags 17. mars 2014 frá sveitarstjóra Þingeyjarsveitar þar sem óskað er eftir því við skipulags- og umhverfisnefnd að hún staðfesti lóðarmörk Litlulaugaskóla skv. meðfylgjandi hnitsettum lóðarupprætti dags. í mars 2014 frá Loftmyndum ehf, samningi um landaskipti milli Héraðsskólans á Laugum og Reykdælahrepps frá 2. júlí 1962 og samþykki skólameistara Laugaskóla á austurmörkum lóðarinnar sem liggur að landi skólans. Einnig er óskað eftir staðfestingu á stækkun lóðar Gerðis skv. fyrirnefndum lóðarupprætti.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við fram komna skilgreiningu á lóðarmörkum Litlulaugaskóla og Gerðis og leggur til við sveitarstjórn að erindi sveitarstjóra verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að tilkynna breytta stærð lóðanna til landupplýsingadeildar Þjóðskrár

3. Umhverfi Goðafoss. Tillaga að deiliskipulagi

S20140302

Lögð fram frumdrög að deiliskipulagi umhverfis Goðafoss frá Landslagi ehf./Glámu Kím. Drögin hafa verið kynnt fyrir landeigendum og aðilum sem reka ferðaþjónustu á svæðinu við Fosshól. Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru ný bílastæði og þjónustubygging við aðkomuveg vestan árinna og stígagerð og staðsetning útsýnispalla báðum megin árinna. Þingeyjarsveit mun vera í forsvari fyrir gerð deiliskipulagsins, en Vegagerðin, vegna nýrrar brúar yfir Skjálfandafljót, og ferðaþjónustuaðilar við Fosshól munu einnig koma að verkinu þar sem stefnt er að því að gera eitt heildarskipulag fyrir allt svæðið .

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við fram komin drög að deiliskipulagi og heimilar áframhaldandi vinnu við það í þeim anda sem fram kemur í drögunum. Nefndin leggur áherslu á að haft verði samráð við ferðaþjónustuaðila við Fosshól í þeim tilgangi að gert verði eitt samfellt deiliskipulag fyrir allt svæðið báðum megin árinna.

4. Breyting á legu Sprengisandslínu og Sprengisandsleiðar. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. S20140104

Tekið fyrir að nýju erindi dags 16. desember 2012 frá Árna Jóni Elíassyni f.h. Landsnets og Eiríki Bjarnasyni, f.h. Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 á vegna fyrirhugaðrar breyttrar legu Sprengisandslínu og Sprengisandsvegar á Bárðdælafrétti. Forathugun vegna þessara breytinga var kynnt á fundi með fulltrúum Þingeyjarsveitar 6. nóvember s.l.

Sprengisandslína:

Gert er ráð fyrir að stórum hluta línunnar og að hún liggi vestan Tómasarhaga og Fjórðungsvatns og fylgi síðan í meginráttum núverandi Sprengisandsleið um Kiðagilsdrög að Fremri-Mosum og síðan niður eftir Mjóadal milli Pílagrímshells og Klukkufjalls og út fjallið vestan Bárðardals (Vallnafjalls) að tengivirki við núverandi byggðalínu (og fyrirhugaða 220 kV línu) í landi Eyjadalsár og Hlíðarenda.

Sprengisandsleið:

Gert er ráð fyrir að vegurinn verði í námunda við þá veglínu sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi, en víki þó alls staðar eitthvað frá henni. Frá Fjórðungskvísl stefnir vegurinn á Fjórðungstölu og fer vestan við Fjórðungsvatn. Frá Fjórðungsvatni er gert ráð fyrir að vegurinn liggi austur en núverandi leið, með meira útsýni til austurs, þ.e. í grennd við Tjarnardrag og Botnadrag, vestan við Fljótsölu og Fossgilsmosa, og stefni að Fremri-Mosum. Liggi þaðan eftir hæðum vestan Sjálfandafljóts á svipuðum slóðum og núverandi vegur. Fari síðan austan Íshólsvatns og til byggða við bæinn Mýri.

Skipulags- og umhverfisnefnd tók jákvætt í erindið á fundi sínum 21. janúar s.l. og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að láta gera tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða breytta legu Sprengisandslínu og Sprengisandsvegar á Bárðdælafrétti samkvæmt umsókn Landsnets og Vegagerðarinnar. Nefndin mun síðan fjalla um tillögurnar þegar þær liggja fyrir.

Innkomin ný gögn, drög að skipulagslýsingu frá Steinsholti ehf, Gísla Gíslasyni, dags. 3. mars 2014.

Lagt fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsinguna á þessu stigi og samþykkir að haft verði samráð við Ásahrepp og Rangárþing ytra vegna hugmynda að breytingum á legu Sprengisandslínu og Sprengisandsleiðar þar sem þær kalla á breytingar á aðalskipulagi í þessum sveitarfélögum.

5. Flúðasel í Fnjóskadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi S20140303.

Erindi dags 17. mars 2014 frá AVH, Önnu Margréti Hauksdóttur, f.h. landeigenda, Ingvars Kristjánssonar og Þórólfs Kristjánssonar þar sem óskað er eftir því að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 fyrir veiðiheimilið Böðvarsnes í Fnjóskadal og svæði þar í kring þar sem fyrirhugað er að reisa þar fimm ný smáhýsi fyrir veiðimenn. Jafnframt er óskað eftir því að landeigendum verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af svæðinu á sinn kostnað með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur fyrir veiðiheimili í landi Flúðasels og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð veða aðalskipulagsbreytingarinnar. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að AVH ehf verði heimilað að vinna deiliskipulag af svæðinu á kostnað landeigenda eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

6. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar. S20120101

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 21. janúar 2014 frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar skv. meðfylgjandi deiliskipulagsuppdraetti dags. 21. janúar 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. Um er að ræða nokkrar breytingar bæði á skipulagsuppdraetti og í greinargerð. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að hagræðingu og hliðrun mannvirkja til bóta fyrir bæði framkvæmdaaðila og umhverfi en auk þess er skilgreindur nýr áningarstaður auk byggingarreits fyrir hesthús við hestagerði austan Þeistareykjaskála.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi var auglýst eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 31. janúar til og með 14. mars 2014. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Landssambandi hestamannafélaga, Umhverfisstofnun og Landsvirkjun.

1. Landssamband hestamannafélaga dags, 3. febrúar 2013.

„Samkvæmt Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 eru sýndar tvær reiðleiðir að Þeistareykjum úr norðri. Sandbrotaleið, merkt 34, frá Beinakletti að Þeistareykjum og Reykjaheiðarleið, merkt 33, frá Rauðhól að Þeistareykjum. Reiðleið nr. 33 kemur ekki fram á auglýstu deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.“

2. Umhverfisstofnun, dags. 4. mars 2014.

„.....Mesta breytingin er stækkun mannvirkjabeltis fyrir neyðarlosun M-9, en þar er tillaga um að það svæði stækki til suðurs úr 2 ha í 5 ha. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að svæði fyrir neyðarlosun stækki svo mikið og bendir á að yfirborðslosun hafi mikil og neikvæð umhverfisáhrif ekki síst á gróður. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki fari fram yfirborðslosun þótt að M-9 svæði fyrir neyðarlosun er stækkað.....“

3. Landsvirkjun, dags. 13. mars 2014.

„Landsvirkjun óskar hér með eftir því að gert verði ráð fyrir borholu fyrir hitaveitu sunnan lóðar L-02 og að svæði fyrir niðurgrafnar laqnrir utan mannvirkjabelta verði stækkað nokkuð til viðbótar þeirri stækkun sem gert er ráð fyrir í auglýstri breytingu.“

Til þess að sýna staka borholu er lagt til að skilgreiningu tákns fyrir „Borsvæði fyrir kalt vatn (B-R...), vatnsból (V)“ verði breytt og verði „Borsvæði fyrir neysluvatn, hitaveitu (B-R...), vatnsból (V)“. Borsvæðið verði táknað með bláum punkti og merkt B-U til samræmis við borsvæði fyrir kalt vatn B-R/S/T. Bent er á nálægð við mannvirkjabelti virkjanavegar, tengivirki og stöðvarhús og að fyrirhuguð borhola er við jaðar þess lagnasvæðis, sem stækkað er í auglýstri deiliskipulagsbreytingu. Á meðfylgjandi úrklippu úr deiliskipulagsupprætti er sýnd áformuð lega borholunnar og tillaga að stækkun svæðis fyrir niðurgrafnar lagnir.“

Tillaga að bókun:

Vegna athugasemdafrá Landssambandi hestamannafélaga

Umræddar reiðleiðir eru sameinaðar norðaustan Þeistareykjavirkjunar þannig að aðeins ein reiðleið liggur í gegn um virkjanasvæðið. Ekki er gerð grein fyrir eystri leiðinni (leið 34) til norðurs og austur á deiliskipulagsupprætti. Skipulagsnefnd felur Landsvirkjun að færa þá leið inn á deiliskipulagsupprátt og leggja fram uppfærðan heildarupprátt með áorðnum breytingum. Breytingin hefur engin áhrif á umhverfi eða hagsmunaaðila og kallar ekki á sérstaka auglýsingu eða kynningu skv. skipulagslögum.

Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagsupprætti.

Vegna athugasemda frá Umhverfisstofnun

Affallsvatn virkjunarinnar verður ekki losað á yfirborði. Gert er ráð fyrir að neyðar- og grunnlosun affallsvatns í niðurrennsli sveitu virkjunarinnar verði á svæði M-9.

Framkvæmdaaðili hefur bent á að stækkunin gefi kost á lagnaleiðum að svæðinu, sem fara betur í landi en áður var gert ráð fyrir. Enn fremur bendir hann á að æskilegt sé að auka svigrúm til rannsókna á svæðinu til þess að ljúka hönnun og útfærslu á niðurrennsli sveitu á þessu svæði.

Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á tillögnum þar sem ekki verður um að ræða losun affallsvatns á yfirborði.

Vegna athugasemda frá Landsvirkjun.

Athugasemdirnar hafa það óveruleg áhrif á deiliskipulagstillöguna að skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við að deiliskipulagsupprætti verði breytt til samræmis við þær.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæli fyrir um.

7. Lindahlíð. Umsókn um stofnun lóðar.

S20140304

Umsókn dags. 24. mars 2014 frá Kristjáni Blæ Ásmundssyni, kt. 281025-2529, Lindahlíð, 641 Húsavík, þar sem óskað er eftir að stofnuð verði sérstök lóð undir íbúðarhúsið á Lindahlíð skv. meðfylgjandi loftmynd frá Loftmyndum ehf og eyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

Tillaga að bókun:

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun lóðarinnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

8. Hvammavegur (853). Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20140304

Umsókn dags. 14. mars 2014 frá Gunnari H. Guðmundssyni svæðisstjóra Norðursvæðis Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við Hvammaveg (853) skv. 13, gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vegagerðin fyrirhugar að styrkja og leggja bundið slitlag á Hvammaveg á 2,34 km löngum kafla frá vegamótum Staðarbrautar að vegamótum Kísilvegjar. Vegurinn verður styrktur og lagður 6,3 m breiðu bundnu slitlagi. Veglína fylgir núverandi veglínu á framkvæmdakafla. Efni til vegagerðarinnar verður tekið úr námu við

Brúargerði. Áætlað efnismagn er 3.500 m³ í burðarlag og klæðingu. Náman er á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

Fundi slitið